

# TENGIBRAUT Á HELLU, DYNKÁLAR-MIÐVANGUR, RANGÁRÞINGI YTRA Ákvörðun um matsskyldu

## INNGANGUR

Þann 8. nóvember 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Rangárþingi ytra um breytingu á tengibraut, Dynskálar-Miðvangur á miðsvæði Hellu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins, og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi ytra með tölvupósti dags. 5. desember 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 1. desember 2011 og Vegagerðinni með bréfi dags. 22. nóvember 2011.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð um framkvæmdirnar kemur fram að breyting á tengibraut felist í því að tengja austasta hluta tengibrautarinnar Dynskála við nýja tengibraut sunnan söluskála á miðsvæði Hellu.

Fram kemur að framkvæmdunum sé ætlað að bæta öryggi vegfarenda, starfsmanna og íbúa við Dynskála, bæta umferðarflæði frá austurhluta byggðarinnar inn á miðbæjarsvæðið og bæta umferðaflæði um miðbæjarsvæðið á Hellu og tengingu við Suðurlandsveg að austanverðu.

Fram kemur að umfang framkvæmda sé lítið, alls um 150 m nýlögð vega, auk breytinga á vegtengingum. Efni sem til falli verði nýtt til uppfyllinga á svæðinu og að nýtt efni verði sótt í námur í sveitarfélaginu.

**Áhrif á hljóðvist.** Fram kemur að draga muni úr hljóðmengun við vestasta hluta Dynskála þar sem sá hluti götunnar verði að loknum framkvæmdum eingöngu húsagata án gegnumaksturs.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornminjar en að haft verði samband við Fornleifavernd ríkisins ef eitthvað komi í ljós á framkvæmdatíma.

**Áhrif á náttúrufar.** Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé þegar raskað og því muni áhrif framkvæmdarinnar á náttúru og lífríki verða nær engin.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að unnið sé að gerð deiliskipulags fyrir miðsvæði Hellu.

## ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

**Almennt.** Í umsögnum Rangárþings ytra, Fornleifaverndar ríkisins og Vegagerðarinnar kemur fram að ekki sé tilefni til að framkvæmdirnar fari í mat á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að starfsmaður Fornleifaverndar hafi farið á vettvang en ekki fundið neinar fornleifar. Engu að síður minnir Fornleifavernd

ríkisins á þær skyldur að tilkynna þer til Fornleifaverndar ef fornleifar finnast við framkvæmdir.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á tengibraut, Dynskálar-Miðvangur á miðsvæði Hellu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á náttúrufar verði nær engin þar sem framkvæmdirnar verða á röskuðu svæði. En áhrif á hljóðvist við vesturhluta Dynskála verða til batnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Rangárþings ytra við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á tengibraut, Dynskálar-Miðvangur á miðsvæði Hellu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og deiliskipulag svæðisins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. janúar 2012.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Skipulags  
stofnun